

L ö g

Nr. 24.
2.
nóvbr.

um að landsstjórninni veitist heimild til að láta reisa hornvita
á Grímsey í Steingrímsfirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

Landsstjórninni veitist heimild til að láta reisa hornvita á Grímsey í Steingrímsfirði.
Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

L ö g

Nr. 25.
2.
nóvbr.

um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna kennarastól í klassiskum fræðum (grísku og latínu ásamt þeim fræðum, er þar til teljast).

2. gr.

Sá er skipar kennarastól þann, er í 1. gr. segir, skal verða allra sömu rjettinda aðnjótandi sem dósentar við Háskólann, enda hvíla á honum samsvarandi skyldur.
Kennarastarfið veitist eftir tillögum Háskólaráðsins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.